


GREINING SJÁVARKLASANS

Október 2021



90% nýting á þorski hérlendis

Nýting sem er á heimsmælikvarða en þó má gera betur

Íslenskur sjávarútvegur hefur um árabil verið í forystu í nýtingu hliðarafurða á hvítfiski í heiminum. Verulega hallar á þau lönd sem við berum okkur saman við þegar kemur að nýtingu hliðarafurða. Þó má merkja vaxandi áhuga margra erlendra fyrirtækja á vinnslu hliðarafurða og mörg þeirra sýna áhuga á að læra af Íslendingum í þessum efnum.

Sjávarklasinn hefur gert úttekt á því hversu mikinn hluti þorskafurða er nýttur hérlendis en nýjar tölur hafa ekki legið fyrir um nokkur skeið. Athuginin leiðir í ljós að Íslendingar halda enn forystu í þessum efnum og nýtingarhlutfallið er rúmlega 90% sem er töluvert umfram það sem fyrri tölur gáfu til kynna. Enn eru þó veruleg tækifæri til að vinna meira úr hliðarafurðum og skapa verðmæti og ný störf.

Fullvinnsla hliðarafurða er skilgreind hér sem nýting á öllum pörtum fisksins öðrum en fiskflakinu. Nýting hliðarafurða hefur verið lítil í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman eða einungis 45-55% af hvítfiski. Þarna er um veruleg verðmæti að ræða sem fara í súginn hjá öðrum þjóðum. Hér liggja því tækifæri fyrir aðrar sjávarútvegsþjóðir til að gera betur og fyrir Íslendinga að koma að þeim verkefnum með íslenska tækni og þekkingu.

Fjöldi fyrirtækja í hliðarafurðum

Samkvæmt athugunum klasans eru 35 fyrirtæki í landinu sem sinna lang stærstum hluta vinnslu hliðarafurða. Upplýsingar fengust um veltu tæplega 30 þessara fyrirtækja. Á árunum 2012 til 2019 jókst velta þessara fyrirtækja um 35%. Á listanum eru ekki meðtalin fyrirtæki sem nýta hliðarafurðir að óverulegu leyti í framleiðslu sinni. Sum þeirra nýta íslenskar hliðarafurðir í matvæla- eða gosdrykkjaframleiðslu og veitingastarfsemi, afskurð eða marning í matvælaframleiðslu svo eitthvað sé nefnt. Töluvert fleiri íslensk fyrirtæki eru því á einn eða annan hátt tengd áframvinnslu hliðarafurða.

Lítill þróun hefur átt sér stað í eignarhaldi þessara fyrirtækja og fá þeirra hafa sóst eftir utanaðkomandi fjármagni. Þó eru dæmi um sameiningar á bæði Suðurnesjum og á Vesturlandi sem getur verið upphafið að frekari samruna á þessu sviði. Stærstu fyrirtækin í vinnslu hliðarafurða vinna 20-30 þúsund tonn af hliðarafurðum og hafa því náð nokkurri stærðarhagkvæmni þótt tækifæri til frekari samruna séu enn töluverð.

Segja má að ekki sé ósvipuð staða hjá fyrirtækjum í vinnslu hliðarafurða og var í tæknigeiranum sem þjónar sjávarútvegi fyrir röskum 10-15 árum; fáir samrunar og mikill fjöldi lítilla fyrirtækja. Á undanförunum árum hefur þó orðið verulega breyting á þessu hjá tæknifyrirtækjum og þau stærstu hafa keypt upp minni fyrirtæki og eflt þannig starfsemi sína.

Þau fyrirtæki, sem teljast til mest virðisaukandi hluta fullvinnslu hliðarafurða; prótín, lækningar og bætiefni, hafa töluvert sótt í sig veðrið. Þessi fyrirtæki, sem stofnsett hafa verið á síðustu árum eða áratug, eiga það sameiginlegt að byggja á rannsóknum og þróun og skila þannig auknum verðmætum út úr hverju kíló af hliðarafurðum. Mörg þessara fyrirtækja eru enn á sprotastigi og útflutningur margra þeirra lítill. Þessi fyrirtæki eru þó sum hver metin á milljarða króna og hafa þau jafnframt fengið nýja hluthafa með í hópinn.

Mat á nýtingu

Við mat á nýtingu þorsksins var notast við gögn frá Hagstofu Íslands. Þar eru gögn um útflutning sem annars vegar eru gefin upp í tonnum og hinsvegar í verðmætum. Þar er hægt að sjá hversu mikið er flutt út af þorski ár hvert og einnig útflutningstölur um einstaka afurðir. Til þess að meta hver stór hluti þorsksins sé nýttur var útflutningur á þorskafurðum borinn saman við heildarafla að frádregnum útflutningi á heilum ónunnum þorski. Hinsvegar eru gögn Hagstofunnar takmörkuð þar sem ekki eru til gögn um útflutning allra afurðaflokka þorsksins á vef Hagstofunnar.

Við athugun á útflutningi þurfti að taka tillit til þess að þurrkun og vinnsla afurða leiðir til þess að umtalsverð rýrnun á sér stað. Stærsta breytingin hér á útfluttu magni er í þorskhausum. Þar sem þyngd þorskhausa rýrnar gríðarlega við þurrkun voru útflutningstölur á þurrkuðum þorskhausum ekki góður mælikvarði á því hver raunverulega nýting þorskhausa er í tonnum. Samkvæmt þurrkhandbók Matís má gera ráð fyrir því að raunveruleg þyngd þorskhausa sé um fimmföld þyngd þurrkaðra hausa. Útflutningur á þurrkuðum þorskhausum árið 2019 var 10.538 tonn. Útflutningur á þorskalýsi og þorskklifur á sama ári var um 6 þúsund tonn og útflutningur á hrognum nam um 2.200 tonnum. Hafa ber í huga að erfitt er að meta birgðastöðu um áramót en í mati klasans var tekið tillit til meðaltals áranna á undan í mati á nýtingu.

Haft var samband við Hagstofuna til að fá upplýsingar um frekari afurðaflokka en heildstætt yfirlit um þetta liggur ekki fyrir. Í gögnum Hagstofunnar er liður sem nefndur er „frystur fiskúrgangur til fódurs“ og er útflutningsmagnið árið 2019 tæplega 36 þúsund tonn og verðmæti þessa útflutnings var röskur einn milljarður króna eða sem nemur 28 krónum á kílóíð. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvert hlutfall einstakra þorskafurða er í þessu magni en líklegast er að hlutfall þorsks í þessum útflutningi sé í svipuðu hlutfalli og veiðihlutfall þorsks í hvítfiski. Eithvað af þessum úrgangi er eldisfiskur en þó er það óverulegt magn.

Rúmlega 90% nýting

Athugun klasans leiðir í ljós að samkvæmt útflutningstölum um allar helstu afurðir, sem fundust í gögnum Hagstofunnar, ásamt áætluðum tölum um hlutfall þorsks í útfluttum fiskúrgangi, má áætla að útflutningur ásamt innanlandsneyslu á þorski þýði að um 88,6% þorsks sé nýttur.

Hér ber að hafa í huga að nýting á slógi innanlands í m.a. minkafóður er ekki inni í þessum tölum. Þá er erfitt að meta hversu mikið af slógi eða óslægðum þorski, sem ekki borgar sig að slægja eða nýta í aðra vinnslu, fer í mjölvinnslu. Loks er ekki ljóst hvort inni í útflutningstölum séu allar upplýsingar um gæludýrafóður og marning. Hér verður varlega áætlað að um sé að ræða 1-3% af heild.

Samkvæmt þessum niðurstöðum er rösklega 90% þorsksins nýttur hérlendis sem er töluvert herra en nefnt hefur verið í fyrri athugunum. Skýringin á aukningunni er án efa hækkandi verð á mörgum hliðarafurðum og aukinn áhugi fyrir vinnslu hliðarafurða. Þá hefur verið afar þýðingarmikið að stærri fyrirtæki, sem þjónað hafa sjávarútvegi með umsýslu með hliðarafurðir, hafa aukið afkastagetu sína.

Í samtölum við fólk í greininni virðist vera ljóst að enn kann að vera vantalið í þessum gögnum eitthvert magn hliðarafurða þar sem langflestir viðmælendur telja að nýtingin sé enn betri. Mikilvægt er að aðilar geri gangskör í því að fá enn skýrari mynd af nýtingu hliðarafurða. Miðað við 90% töluna þá er enn verið að henda á þriðja tug þúsunda tonna af hliðarafurðum hérlendis.


Tækifærin í aukinni vinnslu hliðarafurða

Þrátt fyrir forystu Íslands í nýtingu verður að hnykkja á því að enn liggja tækifæri í aukinni fullvinnslu hliðarafurða. Efling stórra fyrirtækja á þessu sviði og fjöldi nýsköpunarfyrirtækja, sem hafa orðið til á undanförunum árum, munu ugglaut hafa hér jákvæð áhrif þar sem spurn eftir hliðarafurðum heldur áfram að aukast og þar með kunna verð þeirra líka að hækka. Stefna þarf að því breyta meira af óunnum fiskúrgangi í verðmætar afurðir innanlands og skapa þannig verðmæti og áhugaverð störf. Hér eru mögulega veruleg verðmæti í húfi. Á meðan kíló af fiskúrgangi er seldur á innan við 30 krónur þá eru m.a. ýmsar lifrarafurður seldar fyrir rösklega 20falt það verð. Auðvitað er ekki hægt að bera saman hliðarafurðir með þessum hætti en í raun er líklegt að ef tekst að aðgreina hliðarafurðir í vinnsluferlinu þá megi vinna úr megninu af þeim mun verðmætari vöru. Hér gegnir Matís stóru hlutverki en mörg fyrirtækja í vinnslu hliðarafurða hafa notið þekkingar og stuðnings Matís í fullvinnslu hérlendis.

Samruni fyrirtækja á þessu sviði getur einnig haft jákvæð áhrif og eðlilegt er að sú vinna haldi áfram. Ekki síst væri áhugavert ef sameinuð fyrirtæki hérlendis mundu hefja útrás til annarra landa með uppkaupum á erlendum fyrirtækjum sem sérhæft hafa sig í nýtingu hliðarafurða. Þá er hugsanlegt að fleiri fyrirtæki, sem taka nú þegar á móti þúsundum tonna af hliðarafurðum, hefji samstarf við minni og sérhæfðari fyrirtæki í fullvinnslu til að auka áframvinnslu og þar með verðmæti þeirra hliðarafurða sem nýttar eru hérlendis.

Höfundur greiningarinnar er Þór Sigfússon. Ýmir Sigurðsson sá um efnisöflun. Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Þór Sigfússon í síma 5776200.

100 %
Fiskur



“Fjölmargar afurðir eru unnar úr hliðarafurðum hérlendis. Stefna ber að fullnýtingu allra hliðarafurða hérlendis.”